

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1127/2014 um kröfur um afköst og rekstrarsamhæfi kögunar í samevrópska loftrýminu.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi töluliður:

3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/386 frá 6. mars 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð Evrópusambandsins (ESB) nr. 1207/2011 um kröfur um afköst og rekstrarsamhæfi kögunar í samevrópska loftrýminu, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202 frá 27. október 2017. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 16. nóvember 2017, bls. 149.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. mgr. 57. gr. a, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 8. maí 2018.*

F. h. r.

**Sigurbergur Björnsson.**

\_\_\_\_\_  
*Gunnar Örn Indriðason.*